

HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Sigurbergur Sigurðsson
kt. 170844-7699

Starfsstöð: Við Neptún, 710 Seyðisfjörður

Leyfið gildir frá 1. ágúst 2019 til 1. ágúst 2025

Um er að ræða starfsleyfi fyrir litla steypustöð

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.



Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skyld er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 6 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

Helga Hreinsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi



HAUST
Heilbrigðiseftirlit Austurlands

Starfsleyfisskilyrði

Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: Sigurbergur Sigurðsson, kt. 170844-7699
Starfsstöð: Steypustöð við Neptún, 710 Seyðisfjörður

Leyfið gildir frá 1. ágúst 2019 til 1. ágúst 2025

Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- **litla steypustöð**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 11. Júní 2019.

Lög sem um starfsemina gilda eru m.a.

- *Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda s.s.

- *Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit*
- *Reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi*

1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda

Steypustöðin stendur í allmiklum halla neðan vegar en ofan fjöru út með Seyðisfirði, sunnan til. Notkun á aðstöðunni er stopul og fer eftir verkefnastöðu.

- Steypusíló er efst í hallanum, ekið er undir sílóíð til að fylla á bíla.
- Sandur og mól er geymt á landfyllingu neðan við sílóíð.
- Steypuskol má losa í holur eða gryfjur ofan við fjöruna.
- Vatn er tekið úr opnum læk sem rennur um svæðið.

Ekki er um að ræða húsnæði eða geymslur á svæðinu.

- Íblendiefni fyrir steypu skulu ekki geymd óvarin á athafnasvæðinu né heldur önnur efnavara.
- Engin olíuefni má geyma á svæðinu. Ef notast þarf við lausageyma fyrir olíu skal varið eftir reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi

Um starfsemina gilda m.a.

- *Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi*

2. Mengunarvarnir

Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs og/eða lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind. Engar breytingar verði gerðar á frárennsli sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni.

3. Mengunarslys

Komi til atvika sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið skal tafarlaust gripið til ráðstafana til að hindra að efni eða úrgangur berist í umhverfið eða í niðurföll.

Slík atvik skal tilkynna til Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

4. Starfsemi hætt

Verði rekstri hætt skal tilkynna Heilbrigðiseftirliti Austurlands skriflega með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Fjarlægja skal mannvirki, lagnir og annan búnað sem tengist starfseminni af og úr jörðu og skilja við svæðið þannig að sem minnst ummerki verði eftir í samræmi við fyrirfram gerða áætlun sem skal liggja hjá Heilbrigðiseftirlitinu og öðrum hlutaðeigandi. Komi í ljós mengun í jarðvegi skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf, og sjá til þess að úrgangi sé fargað á viðkenndan hátt. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið. Niðurrif olúgeyma, olúskilja og lagna er byggingaleyfisskylt.

Heilbrigðisnefnd getur, ef ríkar ástæður krefja, heimilað að gengið sé frá olúgeymum á staðnum, ásamt lögnum tengdum, í samræmi við fyrirmæli heilbrigðiseftirlits.

5. Annað sem varðar starfsemina

5.1. Meðferð úrgangs

Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins.

Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku skv. reglum þar um og taka kvittun til staðfestingar á réttum skilum.

Um úrgang gilda m.a.:

- *Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni*


5.2. Lóð og umhverfi

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt.

Ekki er heimilt að geyma óviðkomandi tæki, hluti eða vélar á lóðinni.

1. ágúst 2019

Virðingarfyllst, f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Helga Hreinsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

